

## 2. stig

### Skilningur: Hlustun

- Skilur dagleg samtöl, og umræður sem tengjast kunnuglegum aðstæðum einkum ef talað er skýrt.
- Skilur nákvæmar leiðbeiningar og fyrirmæli tengd námsgreinum.
- Skilur helstu atriði í kynningum, fræðslu og útskýringum með sjónrænum stoðum og skýrum dæmum.
- Hefur öðlast grunnskilning á mikilvægum orðaforða námsgreina, þ.e. orðaforða á 2. og 3. þrepi (t.d. í náttúru- og samfélagsgreinum).

### Skilningur: Lestur

- Getur lesið og skilið texta almenns eðlis með orðaforða sem kemur oft fyrir í námi í skólanum.
- Getur lesið og skilið texta úr námsefni með stuðningi lykilhugtaka, orðalista, mynda og annarra hjálparpagna.
- Getur getið sér til um merkingu einstakra orða út frá samhengi og áætlað merkingu setningar, ef hann þekkir efnið sem um ræðir.
- Getur fylgt söguþræði í stuttum sögum og frásögnum á einföldu máli.

### Tjáning: Talað mál, samskipti og frásögn

- Getur tekið þátt í flestum daglegum samtölum án mikils stuðnings.
- Getur spurt einfaldra spurninga og nýtt til þess orð og setningar úr námsefninu og átt samskipti við samnemendur um námsefnið.
- Getur sagt frá áætlunum, venjum, daglegum athöfnum, liðnum atburðum og persónulegri reynslu.
- Getur flutt undirbúna kynningu um efni sem hann þekkir vel og svarað spurningum áheyrenda en gæti þurft að biðja um endurtekningu.
- Getur auðveldlega tjáð sig um það sem honum líkar/mislíkar.
- Getur lýst fólk, stöðum og hlutum á einfaldan hátt.

### Tjáning: Ritun

- Getur skrifað einfalda texta sem tengjast daglegum athöfnum, persónulegum högum, líðan, áhugamálum og viðhorfum með stuðningi hjálparpagna.
- Getur skrifað stuttar lýsingar á atburðum, fyrri viðfangsefnum og reynslu.
- Getur svarað spurningum tengdum náminu skriflega með viðeigandi stuðningi orðalista og lykilordavinnu.
- Getur búið til stutta kynningu í skýrslu eða á veggspjaldi um efni tengt náminu með myndum og stuttum textum.
- Getur skrifað stuttar, einfaldar frásagnir, t.d. inngang að sögu eða framhald af sögu með stuðningi hjálparpagna.
- Hefur grunnþekkingu í íslenskri málfræði og beitir henni í ritun.

### Lykilhæfni á 2. stigi

### Skapandi og gagnrýnin hugsun

- Unnið fjölbreytt verkefni á skapandi hátt.

## Tjáning og miðlun

- Lært og notað ný orð til að ræða ólik viðfangsefni.
- Rætt um áhugamál sín og skoðanir.

## Skapandi og gagnrýnin hugsun

- Unnið fjiölbreytt verkefni á skapandi hátt.

## Sjálfstæði og samvinna

- Sýnt frumkvæði í verkefnum og beðið um aðstoð eftir þörfum.
- Tekið leiðsögn og endurgjöf á jákvæðan hátt.

## Nýting miðla og upplýsinga

- Haft rétt eftir hvort sem um er að ræða tal eða texta.

## Ábyrgð og mat á eigin námi

- Rætt um eigin styrkleika og þekkt hugarfar vaxtar.
- Skilið viðmið um árangur og til hvers er ætlast.

## Íslenska– Kennsluaðferðir og námsmat á 2. stigi

Stig	Kennsluaðferðir	Námsgögn	Námsmat
2. stig	<ul style="list-style-type: none"><li>- áhorf og tjáning</li><li>- skrift</li><li>- <i>Hljóðainnlögn</i></li><li>- Lestur</li><li>- sögur</li><li>- söngur</li><li>- leikir</li><li>- verkefnablöð</li><li>- <i>skapandi vinna</i></li><li>- <i>einstaklings/para og hópvinna</i> eftir því sem við á</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>- ljósrit og hefti frá kennara</li><li>- leikir, tónlist og annað efni</li><li>- námsbækur</li><li>- lestrarbækur</li><li>- pokaverkefni</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>- Símat yfir veturinn</li><li>- Metið með 6 hæfnitáknum eða metið lokið eða ólokið</li></ul> <p> Framúskarandi</p> <p> Mjög góð hæfni</p> <p> Góð hæfni</p> <p> Á góðri leið</p> <p> Þarfast þjálfunar</p> <p> Hæfni ekki náð</p> <p> Lokið</p> <p> Ólokið</p>